

Gaman að sýna ljósmyndir frá Íslandi

Eftir Helga Bjarnason
helgi@mb.is

Keflavík | „Mér finnst gaman að sýna útlendingum ljósmyndir. Þeir hrifast af myndefni sem okkur Íslendingum þykir hversdagslegt, eins og til að mynda norðurljósum og glitskjúum. En um leið verður maður var við vissa tortryggni og er spurdur að því hvort þú sé að eiga við myndirnar,“ segir Ellert Grétarsson, ljósmyndari í Keflavík, sem heldur út eigin ljósmyndagallerí á vefnum og hefur verið að sýna ljósmyndir og stafræn myndverk erlendis.

Ellert hefur síðustu tvö sumur tekið þátt í alþjóðlegri sýningu í Sofía í Búlgaríu, Word Art Print Show. Nýlokið er einkasýningu hans á myndum úr íslenskrí náttúru í Renaissance galleríinu í listamiðstöðinni Narrows Center for the Arts í Fall River í Massachusetts í Bandaríkjunum. Þá hefur honum verið boðið að taka þátt í sýningu í Limner-galleríinu í New York í nóvember. Þar sýnir hann ljósmyndir af höfðum berggrisa í íslenskrí náttúru.

Sökkti sér í myndvinnslu

Ellert Grétarsson er fæddur á Húsavík en alinn upp í Keflavík. Hann hefur lagt stund á ljósmyndun alveg frá því hann var í ljósmyndaklúbbi í barnaskóla. Hann hóf störf sem ljósmyndari á staðarblöðum á Sudurnesjum fyrir tæpum tuttugu árum en eftir átta ár sneri hann við blaðinu og hóf störf í varahlutaverslun. Segist hafa verið bönn að fá nóg af fjölmiðlum í bili. Hann kynntist myndvinnslu í prentsmíðju sem hann vann við á Egilstöðum og sökkti sér í það viðfangsefni. Setti þá upp eigið vefgallerí, gallerí Elg, og hefur haldið því úti síðan. Galleríð er tóluvert miðað sótt og í gegn um það og ýmis samfélög ljósmyndara og listamanna á vefnum hefur hann unnið að því að koma sér á framfæri og fengið nokkur boð um að taka þátt í sýningum.

„Ég geng ekki um með neina stórmennskudrauma, sé bara hvað kemur út úr þessum þreifingum og lit á allt slíkt sem bótus,“ segir Ellert.

Hann sneri á heimaslóðir sínar í Keflavík í byrjun þessa árs, segist hafa viljað komast aftur á meðal fjölskyldu og vina. Hann er einstædur faðir með tvö börn og vinnur sem blaðamaður og ljósmyndari á Víkurfréttum.



Ljósmynd: Hilmar Bragi

Ljósmyndun Ellert Grétarsson er með vélina á lofti á daginn en situr við eftirvinnsluna fram á nótt.

„Það er alltaf hægt að finna tíma fyrir áhugamálin til viðbótar við vinnuna og heimilið, en það kemur stundum niður á því að maður fer svolítið seint að sofa á kvöldin,“ segir Ellert.

TENGLAR

www.eidhorn.is/elg